



229. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. febrúar 2015 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Örn Andrússon, Friðrik Einarsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Hafsteinn Pálsson, Jón Gestur Viggósson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson 1. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 2. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Garðar Svansson og Ingi Þór Ágústsson.

Dagskrá:

1. Stefna ÍSí í barna- og unglingaíþróttum – kynning

Inn á fundinn kom Ragnhildur Skúladóttir sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí og kynnti drög að breytingum vinnuhóps ÍSí á stefnu ÍSí í barna- og unglingaíþróttum.

Stefnt er að því að leggja þessar breytingar fyrir 72. Íþróttaping ÍSí.

Forseti þakkaði Ragnhildi fyrir kynninguna og hún vék svo af fundi.

2. Hnefaleikar

Rætt um nýjar reglur Alþjóðahnefaleikasambandsins (AIBA) og hvaða áhrif þær hafa á mótahaldi í ólympískum hnefaleikum á Íslandi. Fyrir liggur tillaga um breytingu á keppnisreglum Hnefaleikanefndar ÍSí í takt við breytingar AIBA.

Samþykkt að vísa reglunum til yfirlesturs hjá Laganefnd ÍSí. Skrifstofu falið að kanna reglur í nágrannalöndum okkar.

3. Skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar

Örn Andrússon skýrði stöðu mála varðandi nýtt skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar og lagði fram yfirlit yfir helstu kostnaðarliði. Rætt um næstu skref. Embættismönnum framkvæmdastjórnar gefin heimild til að vinna áfram að málinu og taka næstu skref að heildstæðu kerfi sem getur tryggt ÍSí rétta félag- og iðkendaskráningu.

4. Ólympísk málefni

Friðrik Einarsson skýrði stöðu mála varðandi undirbúning ólympískra verkefna sem framundan eru. Rætt um kostnaðarhlutdeild keppenda í þeim verkefnum.

Samþykkt að kostnaðarhlutur íslenskra keppenda vegna þátttöku í Smáþjóðaleikum verði 100.000,- kr. pr. þátttakanda og að ÍSí greiði 70% af því eða 70.000,- kr. Hlutur sérsambands verður þá 30.000,- kr. pr. þátttakanda.

Samþykkt að kostnaðarskipting vegna þátttöku í EYOF verði 50/50.

Samþykkt að kostnaðarskipting vegna þátttöku í EYOWF verði 50/50.

Ekki er gert ráð fyrir því að kostnaður hljótist af þátttöku í Evrópuleikunum í Baku í júní, miðað við stöðuna í dag.

Framkvæmdastjóri sagði stuttlega frá því markverðasta frá Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Liechtenstein/Vorarlberg í janúar sl. Hátíðin tókst vel og allir þátttakendurnir stóðu sig með ágætum.

Forseti skýrði frá ferð sinni á úrslitin í Heimsmeistaramóti karlalandsliða í handknattleik sem haldið var í Qatar en Alþjóðahandknattleikssambandið bauð forseta ÍSí á úrslitaleikina. Umgjörð mótsins og aðbúnaður allur var mjög góður.

5. Smáþjóðaleikar 2015

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði stöðu mála varðandi undirbúning leikanna. Aðalfararstjórafundur og tækninefndarfundur verður haldinn hér á landi dagana 26.-28. mars næstkomandi og þá munu liggja fyrir rauntölur skráninga úr skráningarkerfi leikanna. Næstkomandi laugardag verða 100 dagar í leika og þá munu úrslit nafnasamkeppninnar um nafn á lukkudýr leikanna verða kynnt. Það verður gert í hálfleik bikarleiks kvenna í körfuknattleik í Laugardalshöll. Þennan sama dag verða tvær síðustu myndirnar úr myndaröðinni „Natural Power“ birtar.

Undirbúningur leikanna gengur vel og er á tíma.

6. 72. Íþróttaping ÍSí

Rætt um undirbúning 72. Íþróttapings ÍSí sem haldið verður 17.-18. apríl nk. í Gullhömrum Grafarholti. Búið er að senda út upplýsingar um fjölda þingfulltrúa til sambandsaðila ásamt bréfi varðandi framboð til stjórnar. Skilafrestur framboða er 27. mars nk.

Verið er að vinna tillögur til þings með hliðsjón af afrakstri vinnufundar framkvæmdastjórnar ÍSí 22. janúar sl.

Rætt um stefnur ÍSí, breytingar og uppfærslur.

Drög að stefnu ÍSí í umhverfismálum verður lögð fram á næsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSí.

7. Ferðasjóður íþróttafélaga – úthlutun

Helga Steinunn Guðmundsdóttir kynnti tillögu að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga og skýrði helstu þætti í útreikningi. Úthlutað er eftir nýrri reikniaðferð sem þegar hefur verið samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSí og mennta- og menningarráðuneytinu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Erindi SportTV

Forseti skýrði stöðu mála varðandi þetta erindi. Ákvörðun frestað.

9. Skipan Bygginga- og skipulagsnefndar ÍSí

Samþykkt að skipa Helgu Steinunni Guðmundsdóttur, Gunnar Bragason, Hafstein Pálsson, Margréti Leifsdóttur og Líneyju Rut Halldórsdóttur í Bygginga- og skipulagsnefnd ÍSí. Helga Steinunn verður formaður nefndarinnar.

10. Erindi ÍBR vegna pílukasts

Tekið fyrir erindi Íþróttabandalags Reykjavíkur þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvort að pílukast sé viðurkennd íþrótt innan ÍSí.
Afgreiðslu málsins frestað.

11. Heiðranir

Borist hefur erindi frá Héraðssambandinu Skarphéðni um að heiðra Karl Gunnlaugsson með Heiðurskrossi ÍSí. Heiðursráð ÍSí hefur farið yfir greinargerð HSK um störf Karls og leggur til að tillagan verði samþykkt. Tillagan samþykkt samhljóða. Heiðurskrossinn verður afhentur á ársþingi HSK 14. mars nk.

Við sama tækifæri verður Anný Ingimarsdóttur afhent Silfurmerki ÍSí skv. samþykkt framkvæmdastjórnar í janúar 2014.

Rætt um heiðranir á 72. Íþróttþingi ÍSí.

Samþykkt samhljóða að veita eftirfarandi viðurkenningar á þinginu að tillögu Heiðursráðs ÍSí:

Heiðurskross ÍSí: Árni Þór Árnason, Elsa Jónsdóttir, Sigmundur Þórisson og Camilla Hallgrímsson.

Einnig samþykkt samhljóða að leggja til við 72. Íþróttþing ÍSí að eftirtaldir verði sæmdir heiðursnafnbótinni Heiðursfélagi ÍSí:

Benedikt Geirsson, Jens Kristmannsson, Margrét Bjarnadóttir og Reynir Ragnarsson.

12. Fundargerðir

Eftirtaldir fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 228. fundur framkvæmdastjórnar
- 3. og 4. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og ólympíusvið ÍSí 2. febrúar og 16. febrúar 2015
- Þróunar- og fræðslusvið ÍSí 11. febrúar 2015
- Heiðursráð ÍSí 16. febrúar 2015
- Laganefnd ÍSí 10. febrúar 2015 – Samþykkt.
- Verkefnasjóður 19. febrúar 2015 – Tillögur að styrkúthlutunum samþykktar.

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSí verður haldinn fimmtudaginn 12. mars.

15. Önnur mál

Meet in Reykjavík

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ÍTR hafi óskað eftir samstarfi við ÍSí og ÍBR um að vinna að fjölgun alþjóðlegra íþróttaviðburða í Reykjavík og sér í lagi í Laugardalnum, í samstarfi við Meet in Reykjavík. Samþykkt að leggja 250.000 kr. til þessa samvinnuverkefnis. Framkvæmdastjóra ÍSí falið að annast afgreiðslu málsins.

Kynning á Smáþjóðaleikunum

Helga Steinunn Guðmundsdóttir skýrði frá því að haldin hafi verið kynning á Smáþjóðaleikunum 2015 fyrir starfsfólki mennta- og menningarmálaráðuneytis. Kynningin mæltist vel fyrir.

Breytingar á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ

Forseti skýrði frá því að unnið væri að því að breyta reglum Afrekssjóðs ÍSÍ og vinnulagi til að skerpa á upplýsingaskyldu sérsambanda varðandi lyfjamál.

Verðlaunahátíð Lífshlaupsins

Hafsteinn Pálsson skýrði frá því að verðlaunahátíð Lífshlaupsins yrði í húsnæði KSÍ 27. febrúar nk. Allir stjórnarmenn eru velkomnir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.
Halla Kjartansdóttir, fundarritari